



Forsætisnefnd

Skráning á viðbrögðum stjórnkerfis- og lýðræðisráðs er varðar úttekt Innri endurskoðunar á stjórnun upplýsingatæknimála – ábendingar til forsætisnefndar.

Með bréfi forsætisnefndar, dags. 08. maí 2017, um úttekt innri endurskoðunar á stjórnun upplýsingatæknimála – ábendingar til forsætisnefndar, var óskað eftir viðbrögðum stjórnkerfis- og lýðræðisráðs við ábendingu nr. 2. um ábyrgð stjórnkerfis- og lýðræðisráðs gagnvart upplýsingatæknimálum.

Stjórnkerfis- og lýðræðisráð lagði til eftirfarandi viðbrögð á fundi ráðsins þann 15. maí 2017:

Til stendur að yfirfara samþykktir stjórnkerfis- og lýðræðisráðs heildstætt vegna breytinga sem hafa orðið á hlutverki þess sem og í ljósi reynslu af því hvert verksvið þess hefur verið í raun. Ábending Innri endurskoðunar verður höfð til hliðsjónar þegar sú vinna fer fram. Taka má undir að ráðið hefur látið sig upplýsingatæknimál varða, þar sem þau hafa marga snertifleti við hlutverk ráðsins samkvæmt samþykktum, og eðlilegt er að formgera þá vinnu ráðsins með skýrum hætti. Drög að nýjum samþykktum verða send til forsætisnefndar þegar þau eru tilbúin.

Sandra Dröfn Gylfadóttir

Hjálagt:

Bréf forsætisnefndar til stjórnkerfis- og lýðræðisráðs – Úttekt innri endurskoðunar á stjórnun
upplýsingatæknimála – ábendingar til forsætisnefndar, R16120034.